

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/544****2019/EES/38/18****frá 3. apríl 2019**

um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár (1), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 (2) skal sú ákvörðun koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi („Bretland“), skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, nema útgöngusamningur hafi öðlast gildi fyrir þann dag eða ef tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið hafi verið framlengt.
- 2) Leiðtogaráðið samþykkti þann 22. mars 2019 ákvörðun (ESB) 2019/476 (3) um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Af þessum sökum verður annað skilyrðið um beitingu framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/2031, nánar tiltekið að tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið hafi ekki verið framlengt, ekki uppfyllt.
- 3) Ástæðurnar sem liggja að baki framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/2031 eiga þó enn við, án tillits til framlengingar á tímabilinu sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Einkum er, ef um er að ræða útgöngu án samnings eftir framlengda tímabilið, áfram áhætta í tengslum við fjármálastöðugleika Sambandsins og aðildarríkja þess. Af þessum sökum ætti framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/2031 að gilda ef Bretland gengur úr Sambandinu án samnings.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/2031 til samræmis við það.
- 5) Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi sem fyrst til að tryggja að hún gildi ef Bretland gengur úr Evrópusambandinu án útgöngusamnings eftir lok tímabilsins sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið eins og leiðtoga-ráðið framlengdi það 22. mars 2019.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað þriðju málsgreinar 2. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/2031 kemur eftirfarandi:

„Þessi ákvörðun skal þó ekki gilda ef útgöngusamningur, sem gerður er við Konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 95, 4.4.2019, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2019 frá 11 apríl 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031 frá 19. desember 2018 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. L 325, 20.12.2018, bls. 50).

(3) Ákvörðun leiðtoga-ráðsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samráði við Bretland þann 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjútíð. L 80I, 22.03.2019, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 3. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
